

Umsögn v. draga að reglugerð um leiðbeiningar og viðmið um sjálfbæra landnýtingu

3 gr. Orðskýringar:

4) Beitarland: Land sem er nýtt til beitar húsdýra fellur undir landflokkin graslendi.

Hvað er beitarland og hvað er þá ekki beitarland samkvæmt þessari skýringu ?

Er þá mólendi ekki beitarland sem er m.a. stór hluti beitarlands sauðfjár á afrétti ?

Er vel gróinn hluti afréttar ekki beitaland ef það er ekki eingöngu graslendi ?

Hvers vegna er enginn greinarmunur gerður á t.d. beitarlandi sauðfjár og beitarlandi nautgripa og kúa?

Hér vantar allar skilgreiningar og er því óboðleg framsetning með öllu sem skýring á beitarlandi.

8) Landhnignun (hnignun): Ferli sem leiðir t.d. til minnkandi framleiðni lands eða minnkandi líffræðilegs fjölbreytileika vegna stýrðrar landnýtingar og stafar af breytingum á næringarefna-, orku, og/eða vatnshringrás vistkerfis. Rof er hluti hnignunarferils en jarðvegseyðing lokastig.

Rof er ekki endilega hluti hnignunarferils.

Hvað með rof sem eru í bata, hafa minnkað (náttúrulega eða með aðkomu mannhandar) en eru þó sýnileg ? Er það skilgreining Landgræðslunnar á landi í hnignun ?

Hvar er samanburðurinn á rofsvæðum friðaðra landa (þar sem mannshöndin hefur hvergi komið að), Rofsvæðum friðaðra landa (þar sem uppgræðsla hefur átt sér stað) og Rofsvæða þar sem svokölluð landnýting er ?

Rof getur orðið til bæði vegna náttúrulegra aðstæðna og svo vegna aðkomu mannsins. Óboðlegt er með öllu að einskorða orðið „Rof“ við hluta hnignunarferils sem einu skýringu þess. Þetta ætti Landgræðslan vel að vita.

Taka þarf miklu meira tillit til þess hvort land sé í framför eða ekki.

9) Landnýting: Hverskonar nýting lands í þágu mannsins m.a. til beitar, akuryrkju, skógræktar, umferðar fólks og ökutækja og framkvæmda.

Samkvæmt þessari skilgreiningu má halda því fram að allt Ísland eins og það leggi sig falli undir orðið landnýtingu. Allir vegslóðar og gönguslóðar hvort sem um ræðir á hálendinu eða annars staðar væru skilgreindir sem slíkir.

Er þá Landgræðslan að segja með þessu að hvergi á Íslandi séu til ósnortin víðerni t.d. ?

Telst þá uppgræðsla t.d. landnýting þar sem sáð er birki ?

15) Rof: Ferlar hnignunar, t.d. vindrof og vatnsrof.

Ég vísa aftur í athugasemdir mínar við lið nr. 8.

21) Vöktun: Kerfisbundin, síendurtekin mæling eða skráning einstakra breytilegra þátt í umhverfinu.

Gott mál á allan hátt. En þessi þáttur hefur átt sér stað um árabíl og þar ætti þáttur heimamanna að spila stóran þátt í samstarfi við aðkomu annara fagaðila. Ef auka á vöktunina með síendurteknum mælingum einstakra þátta þarf að liggja fyrir hver eigi að bera kostnaðinn af slíku, hver áætlaður kostnaður verði og hvernig eigi að vakta öll hin misjöfnu svæði landsins. Aldrei væri hægt að gera það

jöfnum höndum v. t.d mismunar á svæðum eftir hæð yfir sjávarmáli og því á mörgum stöðum væri ómarktækt að ætla vakta gróður með of stuttu millibili v. misjafnra skilyrða og vaxtarhraða gróðurs.

6. gr. Viðmið vegna beitarnýtingar: Land sem nýtt er til búffjárbeitar skal almennt vera í góðu ástandi og ekki sýna merki hnignunar.

Hér vísa ég aftur í lið nr. 8. og ítreka að rof er ekki endilega merki um land í hnignun.

Viðauki I 1 gr. nr. 1:

Í **lið b.** segir „Hefur lítinn sem engan óvarinn jarðveg eða rof.“

Eru þá áreyrar, mosavaxin hraun, nýhraun, jökulaurar og auðnir ekki í góðu ástandi fyrir búffjárbeit ?

Eru t.d. jökulaurar, áreyrar og auðnir sem taka stöðugum breytingum yfir höfuð svæði sem búfé beitir sér á ?

Nr. 2

Í **a lið** er talað um heimaland, úthaga, upprekstrarheimaland og afrétt. Hver er skilgreining þessara svæða ? Hver er munurinn á heimalandi, úthaga, upprekstrarheimalandi og afrétti ef það á allt að vera staðsett innan beitarlands samkvæmt skilgreiningu 2. gr A ?

Í **c lið** er talað um að matið skuli vera byggt á viðurkenndum vísindalegum grunni. Hvaða vísindalega grunn er hér verið að tala um eða vísa til ? Ef í reglugerð er vísað til viðurkennds vísindalegs grunns þá hlýtur sá grunnur að þurfa vera bæði sýnilegur og yfir höfuð til, a.m.k. áður en reglugerðin sjálf er samþykkt til gildistöku.

Í **d lið** er talað um að matið skuli vera framkvæmt af Landgræðslunni eða aðilum sem hafa hlotið til þess bæra þjálfun og í kjölfarið viðurkenningu Landgræðslunnar til að meta ástand lands.

Þetta þykir mér nokkuð merkileg framsetning þar sem stofnunin er orðin bæði matsmaður og valdhafi þess ákvörðunarréttar að meta hverjir teljast ásættanlegir eða óásættanlegir matsmenn á framkvæmd Landgræðslunnar á mati lands byggðu á vísindalegum grunni sem enn sem komið er, er ósýnilegur.

Í **e lið** er talað um að matið skuli fara fram eins oft og þörf krefur en ekki sjaldnar en á 5 ára fresti.

Mat á ástandi lands er af hinu góða en hér vantar allar viðbótar upplýsingar eins og t.d. hver eigi að bera kostnað á slíku mati.

Orðalagið „eins oft og þörf krefur“ er óskýrt og vantar algjöra skilgreiningu á. Hér vísa ég í umsögn í lið 21 fyrir ofan. Hér vantar alla skilgreiningu.

Viðauki I

2 gr. A: Skilgreining beitarlands

Samkvæmt þessu teljast brattar brekkur (>30° halli) og klettur, vötn og árfarvegir og land með undir 20% æðplöntuþekju ekki til beitarlands nema ef þau falla undir skilgreininguna „hnignað ástand“ samkvæmt lið B.

Hvernig er í fyrsta lagi hægt að skilgreina kletta, vötn og árfarvegi sem beitarland ? Hvenær er klettur í góðu ástandi miðað við vistgetu sína og hvenær er klettur í hnignun ?

Hvenær teljast vötn og árfarvegir vera í góðu ástandi miðað við vistgetu sína og hvenær teljast þau til hnignunar ?

B: Skipting í visteiningar og flokkun beitarlands

Nýtingarluta beitarlandsins er skipt upp í visteiningar og þær metnar miðað við skilyrði 1-4. Fyrir hverja visteiningu skal skilgreina viðmiðunarsvæði sem getur verið raunverulegt svæði með besta

mögulega ástandi visteiningar. Ef slíkt svæði er ekki að finna er hægt að búa til huglægt svæði þar sem besta ástandi lands er lýst, byggt á bestu fánlegum upplýsingum og þekkingu.

Hvernig er hægt að meta huglægt svæði á bestu fánlegum upplýsingum og þekkingu ?

Hver yrði handvalinn í það hlutverk að nýta ímyndunaraflíð byggt á bestu fánlegum upplýsingum og þekkingu ?

Miðað við skilgreiningu Landgræðslunnar í d lið í Viðauka I, 1 gr. nr 2 má berlega sjá að ekki sé ætlunin undir neinum kringumstæðum að leita liðsinnis heimamanna, reynslu þeirra né þekkingu sem oft nær yfir heilu kynslóðirnar.

Hvernig ætlar Landgræðslan að tryggja það að bestu fánlegu upplýsingar verði uppfærðar reglulega?

9. gr. Viðmið vegna umferðar fólks og ökutækja

Umferð fólks og ökutækja skal miða við að hið náttúrulega umhverfi beri umferðina sem þar er og að ástand þess breytist ekki eða hnigni af völdum álgs. Helstu viðmið um hvort umferð fólks og ökutækja um land geti talist sjálfbær eru (a-k):

a) Þessi liður á við um flest alla ökuslóða, reiðslóða og gönguslóða sem til eru (sem ekki eru sérstaklega uppbyggðir af manna höndum).

Hvað eru greinileg ummerki ? Þessa skilgreiningu vantar allveg eða er tilgangur hennar að vera huglægur ?

b) Þessi liður á við um all flesta ökuslóða, reiðslóða og gönguslóða sem til eru (sem ekki eru sérstaklega uppbyggðir af manna höndum). Á þá að loka öllum moldargönguslóðum á hálendinu þar sem eingöngu er gegnið á samþjöppuðum jarðvegi ?

c) Þessi liður útilokar að mestu flestar gönguslóðir, reiðleiðir og ökuslóða m.a. á hálendinu og hringinn í kringum landið upp til heiða og fjalla og reyndar inn á einkalöndum og heimalöndum. Auðvelt er að túlka og misnota þennan lið eftir þörfum hverju sinni og er algjörlega óboðlegur með öllu.

e) Þennan lið gæti ég skilið ef verið væri að tala um utanvegaakstur, utanvegagöngu o.þ.h. sem gerir þennan lið vafasaman með tilliti til tilgangs því allur utanvegaakstur er nú þegar ólöglegur.

Er Landgræðslan að ætlast til þess að allir gönguslóðar, ökuslóðar, reiðslóðar o.s.frv. grói upp á hverju ári til að þeir teljist sjálfbærir ?

Hver verður þá tilgangur þeirra ef þeir gróa upp og verða „ósýnilegir“ ?

Er ekki einmitt tilgangur sýnilegra samþjappaðra slóða af ýmsum toga sá að taka álagið af nálægu umhverfi og gróðri í þeim tilgangi að gera mismunandi ferðahópum kleift að ferðast um landið sitt?

h) Hliðarstígar og villustígar myndast einmitt í auknum mæli þegar viðeigandi slóðar sem ætti að nota, gróa of mikið upp eða eru illa merktir. Þetta á að vera auðvelt að bæta með auknu samstarfi mismunandi ferðahópa eins og t.d. við 4x4 klúbbinn sem fer reglulega í ferðir m.a. til að stíka vegslóða á hálendingu til að minnka líkurnar á utanvegaakstri.

i) Verulega varhugaverður liður. Engir pollar ? Er þá Landgræðslan að fara í að loka flestum göngu- reið- og ökuslóðum sem ekki eru malbikaðir vegna þess að hér og þar myndast pollar í bleytutíð. Algjörleg óboðlegur liður með öllu og kafloðinn svo ekki sé fastar að orði kveðið.

10 og 11. gr.

Ósjálfbær landnýting og landbótaáætlun og Eftirlit og eftirfylgni.

Það er verulega umhugsunarvert og varhugavert að Landgræðslan verði handhafi svo víðtækra hlutverka. Á Landgræðslan að verða ríki í ríki sínu þar sem hún bæði býr til reglurnar, forsendur þeirra, framfylgir þeim og er refsivöndurinn ? Hér má benda á að samkvæmt 24. gr. landgræðslulaga

um þvingunarúrræði má Landgræðslan beita allt að 500.000 króna dagsektum til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar.

Er eðlilegt að Landgræðslan sitji beggja vegna borðsins ?

Ber það vott um eðlilega og heilbrigða stjórnslu ?

Hver var upphaflegur tilgangur Landgræðslunnar frá þeim tíma sem hún bar heitið Sandgræðslan ?

Var tilgangurinn að sölsa undir sig lönd?

Var tilgangurinn að valdeflast í formi ítala, þvingunarúrræða og dómsvalds ?

Viðauki I C. Mat visteininga.

I. Beitarland í sjálfbærri nýtingu

II. Beitarland á leið í sjálfbæra nýtingu

III. Beitarland í ósjálfbærri nýtingu (Landbótaáætlunar krafist)

IV. Land í ósjálfbærri nýtingu (Land sem hentar ekki til beitar)

Hér er ég sammála mörgu því sem komið hefur fram í umsögn Sigurðar H. Magnússonar og Borgþórs Magnússonar plöntuvistfræðinga.

Liður I er illskiljanlegur, loðinn og ákvæðin allt of flókin. Að mínu mati er með þessum lið hægt að loka af allt hálendi Íslands fyrir sauðfjárbreit (sem allir vita að er í raun markmið forstjóra Landgræðslunnar).

Í **lið II** er viðmið um sjálfbærni að ástand lands nái sér á 20 árum miðað við hnignunarmat svæðis. Hér vantar allan samanburð á milli svæða:

1. Svæða sem hafa verið alfriðuð fyrir beit í tugi ára án neinnar uppgræðslu af völdum manna.
2. Friðaðra svæða til tugi ára þar sem uppgræðsla hefur átt sér stað af manna höndum.
3. Beittra svæða þar sem uppgræðsla hefur átt sér stað af manna höndum.
4. Beittra svæða þar sem engin uppgræðsla hefur átt sér stað af manna höndum.

Benda má á mjög merkilegar vísindalegar rannsóknir Sigurðar H. Magnússonar plöntuvistfræðings á þessu málefni sem spanna tugi ára og gefa mjög merkilega niðurstöðu.

Í **lið II og III** má spyrja líkt og Sigurður og Borgþór, hvaða vísindalegu rök liggja því að baki að land þurfi að uppfylla viðmið um sjálfbærni á 20 árum ?

Í tengslum við **lið IV** má benda á að traðk og teðsla sem verður vegna hóflegar beitar getur orðið til þess að fjölbreytileiki gróðurs verði meiri og landnám plantna aukist þar sem sauðkindin ber með sér fræ, bæði utan á sér sem og innvortis sem hún skítur eða mígur þegar hún ferðast um svæði. Einnig er vert að minna menn á að frjáls beit heftir og hamlar m.a. útbreiðslu ágengra plantna eins og lúpínu.

Þá má spyrja hvernig litið sé á lítt gróið land á láglandi eins og t.d. áraura og sanda sem taka stöðugum breytingum vegna reglulegra vatnavaxta og flóða ?

Hvernig er litið á hraun sem hafa runnið frá eldfjöllum niður á láglandi ? Samkvæmt reglugerðinni myndi „beit“ á slíkum svæðum vera ósjálfbær. Væri þá hægt að beita fyrir sig C lið I nr 1 þar sem talað er um að land undir 600 metrum yfir sjávarmáli þurfi að vera með gróðurþekju æðplantna yfir 50% til að teljast til sjálfbærrar landnýtingar ? Samkvæmt þessum lið óbreyttum væri Landgræðslan

með það vald að loka svæðum fyrir beit hvar sem er á landinu sem bæði hönnuður reglnanna, framfylgjandi og refsivöndur þeirra ?
Þessi hluti er ekki bara ósvífinn heldur hreint og beint siðlaus að mínu mati.

3. grein. Innleiðing.

Eftir lestur þessarar greinar vakna fyrst og fremst þær spurningar hvort búið sé að meta ástand allra nýtingarsvæða og beitarsvæða miðað við innleiðingu fyrsta hlutans á árinu 2021 sem er nú senn að líða undir lok ?

Ef það ástandsmat hefur farið fram þar sem fram kemur bæði ástand lands fyrr og nú, beitarálag fyrr og nú sem og fjöldi búfjár fyrr og nú, hvar er það ?

Er búið að taka út lengd beitartíma hvers svæðis ? Ef svo er, hvar er sú matsúttekt ?

Viðauki II. Sjálfbær landnýting og akuryrkja.

2. gr. Ábyrg stjórnun og umsjón vatns, næringarefna, áburðarefna og varnarefna. Halda skal vatnsmengun í lágmarki og viðhalda þeim gæðum sem felast í hreinu og ómengdu vatni. Hlíta skal viðmiðum um lágmarksbreidd á grónu, ósnertu landi á milli akurs og áa og lækja til að draga úr hættu á að jarðvegur og áburðarefni berist í vatnsból með vatnsrofi úr akrinum og mengunarefni safnist þar upp eða dreifist í umhverfið og valdi þar meinvirkum áhrifum.

Með tilliti til efnamengunar í ám og vötnum eru þó nokkrir hreppir að sinna slíkri vöktun.

Hafa sýni einhversstaðar sýnt fram á mengun í ám og vötnum v. t.d. afrennslis frá landbúnaði á svæðinu ?

Hvar er kortlagning rannsókna af þessu tagi ? Hefur Landgræðslan farið í þá vinnu að kortleggja þær og ef svo er, hvar liggja þá niðurstöður þeirra ? Ef ekki, hvers vegna hefur þessum upplýsingum ekki verið safnað saman ?

4. gr. Leiðbeiningar um aðgerðir í akuryrkju til að stuðla að sjálfbærri nýtingu lands.

Samkvæmt 7. gr. reglugerðar er óæskilegt að skilja akra eftir opna og óvarða yfir vetur. Opinn akur er akur sem jarðvinna hefur átt sér stað en ekki hefur verið sáð í hann.

Samkvæmt þessu er verið að dæma ýmsar nytjar eins og kartöflu, rófu- og kálrækt sem óæskilegar nytjar. Hvernig sér Landgræðslan fyrir sér að þetta verði framkvæmanlegt ?

Við uppskeru er hálmur saxaður og látinn falla til jarðar til að fjarlægja ekki næringarefni í of miklu magni úr jarðveginum. Með því er lífrænu efni skilað til baka í náttúrulegt niðurbrot og það varðveitt.

Hálmur er gríðarlega verðmæt hliðarafurð sem verður til við hina ýmsu kornrækt og myndu valda bændum miklum skaða ef þeir ekki mættu nýta þá afurð sjálfir. Hálmur er t.d. verulega verðmætur undirburður undir hin ýmsu húsdýr.

Hvaðan á undirburður að koma ef ekki má nýta hálminn (sem myndi flokkast undir fullnýtingu afurðar) ? Á að flytja hann inn frá öðrum löndum ?

Mér þykir sérkennilegt að á sama tíma og lögð er áhersla á fullnýtingu afurða og hliðarafurða er Landgræðslan með þessu að leggja drög að banni við slíku. Hver á að bera skaðann og bæta hann? Landgræðslan?

Dreifing tilbúins áburðar er óleyfileg á öllu landi sem er innan við 5-10 metra fjarlægð frá vatni (árvatni, lindum, stöðuvötnum eða borholum).

Dreifing búfjáráburðar er óleyfileg á öllu landi sem er innan við 50 metra fjarlægð frá vatni (árvatni, lindum, stöðuvötnum og borholum) og innan við 250 m frá borholum fyrir neysluvatn. Ef aðstæður eru á einhvern hátt óhagstæðar getur verið þörf fyrir meiri fjarlægð frá þessum stöðum. Ekki skal dreifa á svæði nálægt yfirborðsvatni, lind eða borholu þar sem yfirborðið er mjög þétt í sér (þjappað).

Þessi reglugerð ein og sér yrði til þess að flestallir bændur landsins gætu ekki lengur borið áburð á stóran hluta túna hjá sér (hvort heldur sem er tilbúinn eða búfjáráburð) og í sumum tilfellum öll tún. Þetta myndi leiða til lélegra fóðurgæða og minni uppskeru. Það myndi kalla á aukinn kostnað við kaup á hinum ýmsu fóðurbæti, innfluttum að mestu svo ekki sé nú minnst á þá staðreynd að búskap yrði sjálfhætt hjá mörgum bændum og jarðræktendum (sem er kannski tilgangur Landgræðslunnar miðað við smíði reglugerðarinnar).

Nýting búfjáráburðar er algjört lykilatriði þegar t.d. er talað um sjálfbærni í landbúnaði.

Ýmsar spurningar vakna við þennan lið:

1. Hvers vegna telur Landgræðslan hættuminna að bera á tilbúinn innfluttan áburð á tún miðað við 5-10 metra fjarlægðarreglu, umfram dreifingu búfjáráburðar sem skepnan sjálf framleiðir þar sem 50 metra lágmarksregla á að gilda?
2. Hvar eru rannsóknir sem sýna fram á hversu djúpt áburður nær niður í jörð hér á Íslandi miðað við mismunandi jarðveg nýtingarlands?
3. Hvers vegna er í lagi að bera á tilbúinn innfluttan áburð nær borholum en búfjáráburð? Hvaða gögn styðja þá niðurstöðu?
4. Er reglubundið fylgst með og tekin sýni úr borholum á landsvísu til að einmitt athuga áhrif þess sem ofangreind málgrein fjallar um? Ef svo er gert hvar liggja þær niðurstöður?
5. Ef neysluvatnsborhola er 40 metra djúp og fóðruð alla leið niður, hverjar eru þá líkurnar á því að mengun frá búfjáráburði eða tilbúnum áburði sem dreift er t.d. 45 metrum frá holunni, nái niður í grunnvatnið?
6. Hvar eru þær rannsóknir sem sýna sannarlega fram á mengun í ám eða vötnum Íslands sem er vegna dreifingar tilbúins eða lífræns áburðar?

Ég tel með öllu óboðlegt að bera svona á borð fyrir landbúnaðargreinina. T.d. virðist enginn munur vera gerður á dreifingu kúamykju eða sauðfjárskíts. Ef menn óttast að bændur séu í slíkum mæli að bera á túnin sín það ótrúlega magn áburðar eins og fyrirfinnst í öðrum löndum, á þann hátt að jarðvegur gegnsýrist þar til hann geti ekki tekið við meiru og ár, vötn og neysluvatn mengist í kjölfarið þá verða menn í fyrsta lagi að rökstyðja slíkar aðdróttanir með rökum, rannsóknum og gögnum. Ekki sleggjudómum sem er forsenda ófyrirgefánlegrar forsjarhyggju eins og mér sýnist hér vera gerð tilraun til.

Svo ég vitni í eigin orð Landgræðslunnar í þessari sömu 4 gr. „*Upplýsingar eru grundvöllur góðrar ákvarðanatöku og mælikvarði á árangur aðgerða.*“

Viðauki III. Sjálfbær landnýting og framkvæmdir

Hér tek ég undir athugasemdir Sambands íslenskra sveitarfélaga. „Í 3. málsgrein er gert ráð fyrir að við gerð, yfirferð og afgreiðslu aðal- og deiliskipulags skuli leita umsagnar Landgræðslunnar varðandi landnýtingarþátt. Málsgreinin er orðuð þannig að allar aðal- og deiliskipulagstillögur sveitarfélaga, á öllum stigum skipulagsferlis yrðu háðar umsögn Landgræðslunnar. Það getur á engan hátt talist eðlilegt.“

Hér er líkt og í drögum frumvarps að hálandisþjóðgarði gerð enn ein atlagan að skipulagsvaldi sveitarfélaga. Þetta er með öllu óboðlegt og ber vott um mikla vanvirðingu gagnvart stjórnsýslu sveitarfélaga.

Viðauki IV. Sjálfbær landnýting og umferð fólks og ökutækja.

***Markviss umsjón og aðgangsstýring, s.s. heildrænt skipulag áfangastaða, innviða og þjónustu, sem og takmarkanir, ítölur, lokanir og stýring umferðar, stuðlar að því að álagi sé dreift og stuðlar að sjálfbærri landnýtingu.**

Það er merkilegt í sjálfu sér að hér þessari málsgrein er talað um ítölur, lokanir og stýringu umferðar en í ofangreindum skýringum á leiðbeiningum sjálfbærrar landnýtingar m.t.t. hönnunar og uppbyggingu innviða, er talið upp flest allt annað en það sem snertir akandi umferð. Þetta gerir viðauka IV í heild sinni í meira lagi loðinn, of víðtækan og túlkunarlegan eftir hentisemi ráðandi yfirvalds hverju sinni.

Ef þessi viðauki á ekki við um akandi umferð á slóðum eða vegum þarf það að koma skýrt fram.

Þá má einnig velta fyrir sér hvernig hægt sé að flokka akandi umferð um slóða og vegi sem verið hafa til í áratugi og heyra undir gamlar þjóðleiðir, undir sjálfbæra landnýtingu ?

Samkvæmt upplýsingum sem 4x4 klúbburinn hefur fengið frá ráðuneytinu, „að vegir og vegslóðar sem ekki hafa eiginlegt veghald, eigi ekki að falla undir þessa reglugerð heldur taki náttúruverndarlögin á þessum þáttum gagnvart þeim.“

Lokaorð:

Við lesningu þessarar reglugerðar kemur það berlega í ljós að hún hefur verið samin af mjög einsleitum hópi einstaklinga sem ekkert samráð hafa haft við hagsmunaaðila. Það ber að taka mjög alvarlega.

Hvergi nokkurs staðar er gert ráð fyrir samráði við heimamenn á nokkurn hátt, né að þekking þeirra og reynsla á landi og gróðurfari sé virt eða yfir höfuð talin mikilvægur þáttur í verndun lands. Það er verulega ámælisvert og ber vott um hroka og vanvirðingu.

Með beinum hætti mun óbreytt reglugerð skaða íslenskan landbúnað verulega og hafa veruleg áhrif á búsetuskilyrði á landsbyggðinni. Svo ekki sé minnst á áhrifin á fæðuöryggi þjóðarinnar sem mun veikjast verulega.

Bændur verða alltaf bestu vörslumenn landsins og hafa í áratugi, þvert á áróður ýmissa afla haft frumkvæði af verndun lands og sýnt ríkan vilja til samstarfs. Það er lífsnauðsynlegt að reyna endurvekja traust sem kerfislægt hefur verið brotið niður viljandi af öflum sem af óskiljanlegum ástæðum sætta sig ekki við samráð og samstarf en trúa einatt að yfirráð og drottun lands skuli vera á höndum fárra sérvalinna valdhafa. Það er andstætt með öllu þeirri merkingu sem lýðræði hefur fyrir mig sem landsbyggðaiþúa.

Það að sveitastjórnir hafi af algjörrri tilviljun frétt að reglugerðin væri komin til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda löngu eftir birtingu hennar er algjörlega óboðlegt og siðlaust með öllu.

Engin formleg tilkynning barst þeim og það sem þó er verst af öllu er að ekkert samráð eða samtal átti sér stað við gerð reglugerðarinnar.

Þá má benda á að í 11. grein laga um landgræðslu segir „*Landgræðslan gerir tillögur að slíkum leiðbeiningum og viðmiðum að höfðu samráði við hlutaðeigandi stofnanir, sveitarfélög og hagsmunaaðila eftir því sem við á hverju sinni.*“ Þarna má færa rök fyrir brot á lögum.

Samkvæmt upplýsingum sem Samband íslenskra sveitarfélaga gaf í umsögn sinni, sendi það inn fyrirspurnir um ákveðin atriðið í drögunum en fékk engin svör.

Með reglugerðinni fylgir ekkert áhrifamat sen teiknar upp möguleg áhrif á byggð í landinu sem og nýtingu eignarlands. Ekkert kostnaðarmat fylgir heldur reglugerðinni sem teiknar upp þann kostnað sem muni falla á sveitarfélög.

Hlutverk og aðkoma sveitarfélaga er mjög óskýr. Endalaus viðmið eru gefin og sett en hvergi fylgir þeim leiðbeiningar eða skýr tilgreining á hver eigi að fylgja þeim eftir (nema þá Landgræðslan í formi refsivandar) og/eða bera kostnað af þeim.

Vinnubrögð reglugerðarinnar gefa sterka vísbendingu um áframhaldandi aðför að landsbyggðinni og þá harðlínustefnu að loka hálendinu fyrir öllu nema gangandi mannskepnum og helst í hendur við áður fyrirlagt frumvarp um hálendisþjóðgarð sem þó náði ekki í gegn að sinni. Það hefur engum dulist það formlega útgefna álit forstjóra Landgræðslunnar Árna Bragasonar að hann vilji stöðva lausagöngu búfjár með öllu á hálendinu. Fyrir honum og stofnuninni virðist vera kominn sá bragur á að tilgangurinn helgi meðalið og því skuli komið í veg fyrir lausagöngu búfjár á hálendi Íslands með öllum tiltækum ráðum, óháð því hvaða skaðlegu áhrif það muni hafa fyrir dreifbýlið allt hringinn í kringum landið. Og eins og önnur öfga náttúruverndarsamtök hafa sýnt í orði og verki að þá virðast rök eða staðreyndir ekki skipta máli ef menn leyfa sér að tala um náttúruvernd. Og þar gildir sú skoðun að ef þú ert ekki með okkur í lið þá ertu á móti náttúruvernd.

Reglugerðin og vinnubrögðin sem einkenna hana er til mikillar skammar fyrir svo mikilvæga stofnun sem hefur annars unnið að mörgum mikilvægum málum með það að markmiði að verja og græða land. Því veltir maður því óneitanlega fyrir sér hvort þeir sem beri ábyrgð á þessari reglugerð séu yfir höfuð starfi sínu vaxnir.

Virðingarfyllt

Ágústa Ágústsdóttir

Meiðavöllum við Öxarfjörð

